

Ed.

23. Breytingartillögur

[8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir D. 3 komi nýr liður:

Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar inn Selárdal að Fagurhól.

2. D. 7 orðist svo:

Sunnudalsvegur í Vopnafirði: Af Strandavegi nálægt Syðri-Vík um Borgir, Síreksstaði og að Vopnafjarðarvegi innan við Hof.

3. D. 9 orðist svo:

Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal í Heiðarenda inn Jökuldal, yfir Hákonarstaðabruú og að Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum.

4. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.

5. D. 17 orðist svo:

Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð að Selaklöpp í Loðmundarfirði.

6. D. 19 orðist svo:

Húsavíkurvegur: Frá Bakkagerði inn Borgarfjörð, um Hvannstöð og Húsavíkurheiði að Húsavík.